

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2345****2017/EES/31/10****frá 14. desember 2016****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 262/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 að því er varðar tilvísanir í ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við nefndina um samevrópskt loftrými,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009 ⁽²⁾ er vísað til ýmissa ákvæða, sem mælt er fyrir um í III. og IV. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, nánar tiltekið í III. bindi fyrstu útgáfu með breytingu nr. 79 og IV. bindi þriðju útgáfu með breytingu nr. 77. Síðan reglugerð (EB) nr. 262/2009 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt mörgum ákvæðum 10. viðauka við Chicago-samninginn, nú síðast III. bindi annarrar útgáfu með breytingu nr. 90 og IV. bindi fimmtu útgáfu með breytingu nr. 89. Því ætti að uppfæra tilvísanir til 10. viðauka við Chicago-samninginn í reglugerð (EB) nr. 262/2009 til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar sínar og tryggja samræmi við alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 2) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2012 ⁽³⁾ er vísað til ýmissa ákvæða, sem mælt er fyrir um í III. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, nánar tiltekið í III. bindi annarrar útgáfu með breytingu nr. 85. Síðan framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt mörgum ákvæðum 10. viðauka við Chicago-samninginn, nú síðast með því að taka upp breytingu nr. 90 í III. bindi annarrar útgáfu. Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 er einnig vísað til ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í PANS-ATM skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (skjal nr. 4444), nánar tiltekið í 15. útgáfu þess frá 2007 með breytingu nr. 2. Síðan framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt mörgum ákvæðum í skjali nr. 4444, nú síðast með breytingu nr. 6. Því ætti að uppfæra tilvísanir til 10. viðauka við Chicago-samninginn og til skjals nr. 4444 í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar sínar og tryggja samræmi við alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 262/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað texta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 262/2009 komi eftirfarandi:

„Ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og í 2. lið III. viðauka

1. Kafli 3 „kögunarkerfi“, liður 3.1.2.5.2.1.2 „SK: Spurnarkóði“ í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar „Flugfjarskipti“, IV. bindi „Kögunar- og áreklarvarakerfi“ (5. útgáfa, júlí 2014, með breytingu nr. 89).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 348, 21.12.2016, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009 frá 30. mars 2009 um kröfur um samræmda úthlutun og notkun á spurnarkóðum kögunarsvarratsjár (Mode S) fyrir samevrópska loftrýmið (Stjttíð ESB L 84, 31.3.2009, bls. 20).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2012 frá 16. nóvember 2012 um kröfur um bil milli talrása í samevrópska loftrýminu (Stjttíð. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 14).

2. Kafli 5 „Gagnatenging milli loftfara og jarðstöðva um kögunarsvartarsjá með S-starfshátt“, liður 5.2.9 „Skýrsla um getu til gagnatengingar“ í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, „Flugfjarskipti“, III. bindi, „Fjarskiptakerfi“ (2. útgáfa, júlí 2007, með breytingu nr. 90).“

2. gr.

Í stað texta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 komi eftirfarandi:

„Ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 4. og 8. gr.

1. Kafli 2 „Farstöðvaþjónusta fyrir flug“ (e. *Aeronautical Mobile Service*), liður 2.1 „Eiginleikar fjarskiptakerfa milli loftfara og stöðva á jörðu niðri“ (e. *Air-ground VHF communication system characteristics*) og liður 2.2 „Eiginleikar kerfa vegna búnaðar á jörðu niðri“ (e. *System characteristics of the ground installations*) úr 2. hluta III. bindis 10. viðauka við Chicago-samninginn (2. útgáfa, júlí 2007, með breytingu nr. 90).
2. Kafli 2 „Farstöðvaþjónusta fyrir flug“ (e. *Aeronautical Mobile Service*), liður 2.1 „Eiginleikar fjarskiptakerfa milli loftfara og stöðva á jörðu niðri“ (e. *Air-ground VHF communication system characteristics*), liður 2.3.1 „Hlutverk sendinga“ (e. *Transmitting function*) og liður 2.3.2 „Hlutverk viðtöku“ (e. *Receiving function*), þó ekki undirliður 2.3.2.8 „Stafræn tenging metrabylgju (VDL) — Afköst með tilliti til ónæmis fyrir truflunum“ (e. *VDL — Interference Immunity Performance*) úr 2. hluta III. bindis 10. viðauka við Chicago-samninginn (2. útgáfa, júlí 2007, með breytingu nr. 90).
3. Liður 12.3.1.5 „8,33 kHz rásabreidd“ (e. *8,33 kHz channel spacing*) úr PANS-ATM skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 (15. útgáfa, 2007, með breytingu nr. 6).“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.